

Reglugerð um kortlagningu óbyggðra víðerna

Landvernd hefur kynnt sér reglugerð um kortlagningu óbyggðra víðerna og fagnar áherslu á mikilvægi víðerna Íslands. Lögfesting á kortlagningu víðerna í verndarskyni er nauðsyn vegna hratt vaxandi þrýstings á uppbyggingu mannvirkja innan víðerna og við þau og á verndarsvæðum. Stærsta nýja áskorunin gagnvart víðernum á Íslandi er áformuð uppbygging vindorkuvera og telur Landvernd að henni séu ekki gerð raunhæf skil í leiðarvísi ráðuneytisins.

Mörg áhugaverð álitamál koma fram í reglugerðinni um skerðingarmörk víðerna og hvaða framkvæmdir hafa áhrif á hvort svæði geti talist til óbyggðra víðerna. Landvernd er ekki sammála þeim öllum og telur að reglugerðin í heild sé of rúðstrikuð og bindi hendur stofnana og sérfræðinga sem vinna eiga kortið við ferkantaðar fjarlægðarmælingar í stað þess að tekið sé mið af aðstæðum á allsendis ólíkum náttúrusvæðum.

Athygli vekur að sveitarstjórna er hvergi getið í reglugerð um kortlagninguna og fara þau þó með skipulagsvaldið, ekki aðeins á eignarlöndum, heldur sömuleiðis á afréttum og þjóðlendum í krafti hefðarréttar um sauðfjárbætur sem þróast hefur út í mun víðtækari nýtingu. Skipulagsinngrip og framkvæmdir með leyfi sveitarfélaga hafa þegar skert víðerni Íslands svo um munar. Fagnaðarefni er ef markmið með kortlagningu víðerna er að stöðva þá þróun og verja víðernin til framtíðar gegn ágengri nýtingu og endurheimta þau þar sem afturkræfar framkvæmdir gera slíkt mögulegt.

Mikilvægt er einnig að Náttúruverndarstofnun byggji á vinnu sem þegar hefur verið unnin við kortlagningu víðerna. Sömuleiðis er mikilvægt að Náttúruverndarstofnun fái fjármagn til bæði til kortlagningar og ekki síður til kynningar á víðernakorti þegar það öðlast gildi sem opinbert kort.

Landvernd gerir sérstakar athugasemdir við skerðingarviðmið vegna vindorku í reglugerðinni. Ekki er ljóst hvaðan þau viðmið koma en nauðsynlegt er að vindorkuver verði tekin til sérstakrar skoðunar áður en viðmið eru sett. Þetta gildir sérstaklega innan og í jaðri hálendis, þjóðgarða og verndarsvæða. Nú þegar liggur fyrir mæling um ásýndarmengun frá Vaðölduveri inn á þjóðlendu sem skerðir víðerni langt inn á hálendi og meira en reglugerðardrög ráðuneytisins áætla. Spaðar Vaðölduvers verða í 165 m hæð en flest áform um uppbyggingu vindorkuvera á viðkvæmum víðernum svæðum reikna með möstrum í 180-220 m hæð sem skerða stór svæði af þeim víðernum sem kortleggja skal.

Landvernd hvetur til þess að sérstök kortlagning fari fram vegna allra þeirra vindorkuáforma sem nú eru á teikniborðinu og þar verði annað og raunhæfara skerðingarviðmið lagt til grundvallar.

Niðurstaða Landverndar er að ekki ætti að setja þessa reglugerð óbreytta um kortlagningu víðerna. Óæskilegt er að binda hendur stofnunarinnar sem á að gera kortið með tiltekinni aðferðafræði sem óljóst er hvaðan kemur og á hverju byggir. Betra er að treysta vísindamönnum til að kortleggja óbyggð víðerni í samræmi við anda náttúruverndarlaga og byggt á þeirri vinnu sem þegar hefur farið fram.

Með vinsemd og virðingu.

Formaður Landverndar: Þorgerður María Þorbjarnardóttir